

Heimar hf.: Lækkun hlutafjár

Á aðalfundi Heima hf. þann 9. mars 2026 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um lækkun hlutafjár félagsins. Lækkunin nemur kr. 54.523.000 að nafnvirði og tekur til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlunum. Eftir lækkunina verður hlutafé félagsins samtals kr. 1.967.378.137 að nafnvirði.

Beiðni hefur verið send til Nasdaq og mun lækkunin taka gildi mánudaginn 23. mars 2026.

Að öðru leyti er vísað til tilkynningar félagsins sem birt var í fréttakerfi Kauphallarinnar þann 9. mars 2026, þar sem greint er frá niðurstöðum aðalfundar.

Viðhengi

[Heimar hf.: Lækkun hlutafjár](#)